

Ed.

570. Breytingartillögur

við frv. til vegalaga (á þskj. 480).

Frá Páli Zóphóníassyni.

1. Við A. 32. Í stað orðanna „að Háabæ í Þykkvabæ“ komi: um Miðkot að Unhól í Þykkvabæ.
2. Við B. 12. (Hvalfjarðarferjuvegir). Liðurinn falli niður.
3. Við B. 14. Í stað „Reykholtisdalsvegi“ komi: á Borgarfjarðarbraut í Reykholtisdal.
4. Við B. 21. Liðurinn orðist svo:
Hvítársíðuvegur: Af Kleifavegi inn Hvítársíðu að Fljótstungu.
5. Eftir B. 21. komi nýr liður, er verði 22., og breytist tölur liða samkvæmt því.
Liðurinn orðist svo:
Hálsasveitarvegur: Frá Hvítársíðuvegi nálægt Bjarnastöðum, yfir Hvítá og á Borgarfjarðarbraut nálægt Reykholti.
6. Við B. 46. Liðinn skal orða svo:
Kaldrananesvegur: Af Reykjafjarðarvegi í Bjarnarfirði að Kaldrananesi.
7. Við 47. Í stað orðanna „að Árnesi“ komi: um Árnes að Eyri í Ingólfsfirði.
8. Við 54. Í stað orðanna „að Gemlufalli við Dýrafjörð“ komi: að ferjustað við Dýrafjörð undan Gemlufalli.
9. Við 66. Í stað orðanna „að Sveinseyri“ komi: um Sveinseyri að Stóra-Laugar-
dal.
10. Við C. 7. Í stað orðanna „yfir væntanlega brú á Vatnsdalsá“ komi: að Ásbrekku og yfir væntanlega brú á Vatnsdalsá.
11. Við C. 14. Í stað „Tungusveit“ komi: Goðdali.
12. Við C. 17. Í stað „að Ríp“ komi: um Ríp að Eyhildarholti.
13. Við C. 21. Í stað „Ólafsfjarðar“ komi: Ólafsfjarðarkaupstaðar.
14. Við C. 37. Í stað orðanna „að Sandvík í Bárðardal“ komi: um Sandvík að Bjarnarstöðum.
15. Við D. 8. Í stað orðsins „Fossi“ komi: Lagarfossi.
16. Við D. 19. Í stað orðanna „og Fagradalsbraut í Reyðarfirði“ komi: á Fagradalsbraut innan við Búðareyri.